

Sjálfsmatsáætlun

Menntaskólans í Reykjavík

2011 - 2012

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	1
1.1	Stefnuskrá, markmið og leiðir	1
2.	Sjálfsmat	3
2.1	Sjálfsmatsáætlun 2011-2012	3
2.1.1	Samantekt jólaprófa	3
2.1.2	Viðhorfskönnun forráðamanna	4
2.1.3	Kennslukönnun	4
2.1.4	Nemendakönnun	4
2.1.5	Starfendarannsóknir	4
2.1.6	Starfsáætlun, skólareglur	4
2.1.7	Umbótaáætlun	5
2.2	Sjálfsmatsáætlun næstu skólaára	5
2.2.1	Tímaáætlun um viðfangsefni innra mats	6
2.2.2	Starfsmannahandbók	7
3.	Lokaorð	7

1. Inngangur

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla, nr.92/2008, 41.gr. ber hverjum framhaldsskóla að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Þar er bæði átt við stjórnun, kennslu og aðra þjónustu innan skólans sem og ytri tengsl við önnur skólastig og nærsamfélagið. Farið skal yfir alla þætti skólastarfsins á ákveðnu árabili og gerð umbótaáætlun sem komið verði í framkvæmd.

Í Menntaskólanum í Reykjavík er gæðanefnd skipuð rektor, konrektor og kennslustjóra sem ásamt gæðastjóra skipuleggur og stýrir sjálfsmati skólans.

Menntaskólinn í Reykjavík kappkostar að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi, efla þroska þeirra og gagnrýna hugsun, umburðarlyndi og víðsýni. Skólinn er bóknámsskóli og því er lögð áhersla á að nemendur séu hæfir til að takast á við háskólanám hvort heldur er innanlands eða utan að loknu stúdentsprófi.

Skólinn birtir opinberlega allar upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

1.1 Stefnuskrá, markmið og leiðir

Skólinn leitast við að veita nemendum sínum félagslegt uppeldi og stuðla að alhliða þroska þeirra svo að þeir séu sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðislegu samfélagi.

Með markvissri kennslu, miklum en raunsæjum kröfum og öguðum vinnubrögðum leitast skólinn við að efla gagnrýna hugsun og frumkvæði ásamt ábyrgðarkennd, umburðarlyndi og víðsýni. Skólinn leitast við að efla sjálfstraust nemendanna með því að gera þeim ljóst sambandið milli árangurs og erfiðis og í náminu eru þjálfuð jafnt sjálfstæð vinnubrögð sem samvinna.

Menntaskólinn í Reykjavík leggur einnig mikið kapp á að kynna nemendum sínum menningarleg verðmæti á sviði bókmennta og lista, innlendra jafnt sem erlendra, og leitast við að gera þeim kleift að taka virkan þátt í margvíslegu menningarstarfi.

Með fræðslu sinni, kröfum og handleiðslu vill skólinn efla þekkingarleit nemenda og gera þá virka og áhugasama um áframhaldandi menntun og símenntun, um leið og hann leitast við að efla heilbrigða dómgreind og verðmætamat nemenda sinna. Menntaskólinn í Reykjavík leggur einnig áherslu á að nemendur nýti sér þá miklu möguleika sem nýjasta tækni á tölvusviðinu býður upp á, svo sem gagnabanka, nettengingar, samstarf o.fl.

Skólinn mun einnig á markvissan hátt leitast við að gera nemendur sína vel búna undir virka þátttöku í þjóðfélaginu og efla ábyrgðarkennd þeirra gagnvart einstaklingum, fjölskyldu og

samfélagi; sömuleiðis að kynna fyrir þeim kröfur daglegs lífs og vinnumarkaðarins, atvinnuhætti, samfélagsskipan svo og fjármálaskyldur, einstaklingskyldur og réttindi.

Í fjölbreyttu félagsstarfi styður skólinn við allhliða félagsþroska nemendanna. Þar fá þeir tækifæri til þess að bera margvíslega ábyrgð, taka sjálfstæðar ákvarðanir, vinna saman, sýna umburðarlyndi og skilning og láta skoðanir sínar í ljósi. Í fjölbreyttu félagsstarfi fá nemendur tækifæri til þess að uppgötva, þroska, efla og nýta ótal hæfileika.

Hlutverk Menntaskólans í Reykjavík, samkvæmt skólasamningi við mennamálaráðuneytið, er að bjóða upp á bóklegt nám til stúdentsprófs á tveimur námsbrautum, mála- og náttúrufræðibraut.

Skólinn hefur kappkostað að aðstoða nemendur við ástundun náms og tekið virkan þátt í því verkefni að sporna gegn brottfalli. Þar má nefna aukna námsráðgjöf, öflugt starf umsjónarkennara og framboð stoðtíma þar sem nemendum standa til boða aukatímar í þeim námsgreinum þar sem flestir þurfa aðstoð. Þetta framtak hefur tekist afar vel og teljast brottfallsnemendur skólans vera á bilinu 0-1% samkvæmt skilgreiningu Hagstofunnar en í meðfylgjandi töflu kemur fram hversu mjög námsframvinda nemenda skólans hefur batnað á undanförunum árum:

Haust	Innritun	Fjöldi í vorpróf	Fall á prófum	%	Hætta í MR eða falla á árinu	%
1999	830	773	61	7,90%	118	14,20%
2000	749	727	80	11,00%	102	13,60%
2001	747	712	62	8,70%	97	13,00%
2002	779	757	88	11,60%	110	14,10%
2003	814	785	47	6,00%	76	9,30%
2004	840	826	53	6,40%	67	8,00%
2005	850	825	23	2,80%	48	5,60%
2006	865	852	65	7,60%	78	9,00%
2007	877	861	45	5,20%	61	7,00%
2008	853	845	41	4,90%	49	5,70%
2009	908	891	41	4,60%	58	6,40%
2010	876	863	47	5,40%	60	6,85%
2011	894					

Í upphafi skólaárs 2011-12 voru innritaðir nemendur 894, þar af voru 159 eða 18% á málabraut og 735 eða 82% á náttúrufræðibraut. Þetta er svipuð skipting og undanfarin ár. Kynjaskipting er stúlkunum í vil en við skólann voru 56% nemenda stúlkur og 44% piltar. Í vor voru 187 stúdentar brautskráðir frá skólanum.

Skólaárið 2011-12 eru starfsmenn skólans 90, þar af 74 kennarar, 3 yfirstjórnendur (þeir sinntu einnig kennslu), 1 skrifstofustjóri, 2 námsráðgjafar, 1 bókasafnsfræðingur, 2 á skrifstofu, 1 umsjónarmaður fasteigna, 1 með umsjón viðhalds, 1 með umsjón mötuneytis, 1 hjúkrunarfræðingur og 3 með sérverkefni (umsjón heimasíðu, umsjón með námskerfi og ritstjórn skólaskýrslu). Kynjaskipting er nokkuð jöfn í kennarahópnum, 47 konur og 43 karlar.

Menntunarstig kennara er hátt en 6 þeirra eru með doktorspróf, 37 með meistaraþróf, 25 með viðbótarnám eftir B gráðu, 1 með B gráðu háskólastigs og 5 leiðbeinendur hafa ekki lokið B gráðu háskólastigs. Nokkrir eru án kennsluréttinda eða alls 8. 4 voru leiðbeinendur með 6 vikustundir og 3 voru stundakennarar er flestir kenndu valgreinar. 1 leiðbeinandi var með undanþágu Menntamálaráðuneytis til kennslu.

2. Sjálfsmat

Innra mat Menntaskólans í Reykjavík er í stöðugri þróun en ákveðnir matsþættir fara fram árlega. Þar má nefna námsárangur á jólaþrófum og kennslukönnun þar sem leitast er við að skoða sem flesta þætti kennslu svo sem kennsluhætti, starfsþróun og fagmennsku auk annarrar þjónustu skólans. Á nýafstöðnu skólaári var hrundið úr vör viðhorfskönnun forráðamanna sem verður nú öðru sinni en með stærra sniði. Starfendarannsóknir hafa einnig farið reglulega fram á síðustu árum og verðum þeim haldið áfram en lögð meiri áhersla á að þeim verði ávallt fylgt eftir með úrbótum þar sem þess er talin þörf. Nú í vetur verður tekin upp ný rafræn nemendakönnun þar sem litið verður til líðan og þarfa nemenda sem og til starfsanda og samstarfs meðal þeirra.

Ákveðið hefur verið að byrja á gerð starfsmannahandbókar sem ráðgert er að fari á netið með aðgengi fyrir starfsfólk skólans. Fyrirhugað er að starfsfólk geti á aðgengilegan hátt fundið upplýsingar varðandi eineltisáætlun skólans, hjálp í viðlögum, móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku og agavandamál svo eitthvað sé nefnt.

2.1 Sjálfsmatsáætlun 2011-2012

2.1.1 Samantekt jólaþrófa

Á hverju ári eru niðurstöður jólaþrófa teknar saman og námsárangur metinn og síðan kynntur á kennarafundi í lok haustmíssis. Niðurstöðurnar gera stjórnendum og kennurum kleift að bera saman bekkji í einstökum greinum, greinar hjá einstökum bekkjum og jafnvel bera saman niðurstöður og fall miðað við fyrri ár. Niðurstöður jólaþrófa eru svo teknar fyrir í einstaklingsviðtölum umsjónarkennara við umsjónarnemendur sína. Þá fer kennarinn með nemendum í gegnum árangur þeirra og á vormíssis er jólaþrófsárangur sérstaklega skoðaður og sjónum ekki síst beint að þeim sem hefur gengið illa og þeim bent á leiðir til úrbóta.

2.1.2 Viðhorfskönnun forráðamanna

Viðhorfskönnun forráðamanna nýnema skólans var gerð rafrænt á síðastliðnu vormisseri. Var það í fyrsta sinn sem slík könnun var gerð á skipulagðan hátt. Nú er ráðgert að fylgja þeirri könnun eftir með nýrri könnun sama foreldrahóps sem nú eru forráðamenn nemenda í 4. bekk. Þetta verður gert til að fá samanburð á skoðunum sama foreldrahóps tvö ár í röð til að sjá hvort umbætur hafi gert gagn.

Jafnframt er ráðgert að gera viðhorfskönnun forráðamanna núverandi nýnema skólans til að fá samanburð milli forráðamanna fleiri en eins árgangs.

2.1.3 Kennslukönnun

Kennslukönnunin er gerð á meðal allra nemenda að vori í lok hvers skólaárs. Í könnuninni svara nemendur spurningum um kennslu, kennsluhætti, námsbækur og þess háttar fyrir hverja námsgrein sem þeir eru í. Spurningar kennslukönnunarinnar eru endurskoðaðar á hverju ári með það að markmiði að gera þær þannig úr garði að svörin verði sem marktækust og að auðvelt sé að greina niðurstöður könnunarinnar. Jafnframt er þess gætt að skólanámskrá sé ætíð höfð að leiðarljósi.

Þegar niðurstöður kennslukönnunarinnar liggja fyrir tekur rektor viðtöl við alla nýja kennara og aðra kennara eftir þörfum. Almenni hluti kennslukönnunarinnar er greindur og reynt er að bregðast við ef í ljós kemur að þeim þætti starfsins sem skoðaður var er ábótavant.

2.1.4 Nemendakönnun

Ráðgert er að hefja nýja nemendakönnun á þessu skólaári þar sem horft verður sérstaklega til skólanámskrár Menntaskólans í Reykjavík. Litið verður til þeirra markmiða skólans að efla þroska nemenda og ábyrgðarkennd gagnvart einstaklingum, fjölskyldu og samfélagi en jafnframt umburðarlyndi þeirra og víðsýni. Kannað verður jafnframt hvernig nemendum líður í daglegu skólastarfi og hvort þeir telja sig hafa öðlast meira sjálfstraust eftir að þeir byrjuðu í framhaldsskóla.

2.1.5 Starfendarannsóknir

Haldið verður áfram því starfi sem verið hefur á undanförunum árum í formi starfendarannsóknna. Fagstjórar deilda verða beðnir að leiða það starf í sínum deildum. Rannsóknir þessar verði megindelegar en fylgt eftir með eigindlegum rannsóknnum þar sem talað verður við nokkra nemendur úr þeim hópum sem taka þátt til að fá dýpri skilning og staðfestingu á niðurstöðum rannsóknna. Loks verða gerðar áætlanir um umbætur á þeim þáttum þar sem því verður komið við.

2.1.6 Starfsáætlun, skólareglur

Á hverjum vetri er farið yfir skipulag og reglur skólans. Ef talið er að hægt sé að breyta reglunum til hins betra er tillaga þess efnis borin upp á starfsmannafundi og sé hún samþykkt er reglunum breytt í framhaldinu.

2.1.7 Umbótaáætlun

Í kennslukönnun vorið 2011 kemur fram að 63% þeirra nemenda sem svara, telja að kennari skrái mjög oft eða frekar oft skyndipróf á námsnetið MySchool og 19% að það takist í meðallagi.

Hvað varðar einkunnir á námsnetið MySchool telja aðeins 38% þeirra nemenda sem svara að kennari birti mjög oft eða frekar oft einkunnir fyrir skyndipróf og stærri verkefni en 24 segja að það takist í meðallagi, 37% svara frekar eða mjög sjaldan.

Talið er æskilegt að kennarar færi oftar próf og einkunnir inn á námsnetið. Til að bæta úr þessum þætti verða kennarar óspart hvattir til að skrá próf og einkunnir á námsnetið til þess að auka virkni kerfisins. Námskeið um námsnetið sem til stóð að halda haustið 2011 hefur verið frestað um sinn. Enn fremur kann að hafa einhver áhrif að kennslukönnun þessi var með öðru sniði en undanfarin ár þar sem hún var í rafrænu formi að þessu sinni. Þátttaka nemenda í könnuninni var því öllu minni en áður hefur tíðkast.

Starfendakönnun í dönsku var gerð í janúar 2011. Niðurstaða hennar var að lítill meirihluti nemenda vill að skyndiprófum verði fækkað í greininni úr þremur í tvö á misseri. Í framhaldinu tóku kennarar dönskudeildar einróma ákvörðun um að hafa skyndiprófin tvö á misseri frá hausti 2011 þar sem tekið hefur verið tillit til niðurstöðu könnunarinnar.

Enn fremur kom fram að 65% nemenda stundar vikulega heimavinnu í 2 klst. eða minna og fram kemur hjá hluta nemenda að þau hafi ekki tíma til að sinna heimanáminu sem skyldi. Gerð verður ný meginleg og eigindleg starfendakönnun í dönsku í vetur þar sem tímaskortur nemenda til heimanáms verður rannsakaður nánar, með tilliti til þess hvort tímaskorturinn stafar af mikilli vinnu í öðrum greinum, vinnu með skóla eða einhverju öðru.

Áður en formlegt sjálfsmat fer af stað nú í vetur verða sett niður matsteymi í skólanum til að undirbúa rannsóknir sem gerðar verða. Matsteymi munu semja og setja fram matsspurningar, ákveða viðmið og gera síðan umbótaáætlun með aðstoð gæðastjóra og skólastjórnar.

2.2 Sjálfsmatsáætlun næstu skólaára

Sjálfsmat Menntaskólans í Reykjavík hefur fest sig í sessi með hefðbundnum verkefnum á sviði gæðamats. Kennslukönnun er einn af föstum liðum sjálfsmatsins sem nemendur taka þátt í á vorin. Á hverju ári er sett niður teymi sem setur upp markmið og semur spurningar sem spanna, á örfáum árum, allt skólastarfið, spurningar um kennara og kennslu, námsráðgjafa, skrifstofu, hjúkrun, bókasafn og um alla aðra þjónustu skólans svo sem fram kemur í fyrri kennslukönnunum. Síðan eru sett upp viðmið og loks gerðar umbætur þar sem þurfa þykir til að allt skólastarfið verði sem best úr garði gert.

Viðhorfskönnun forráðamanna nemenda var í fyrsta sinn í vetur og verður henni haldið áfram á þessu ári. Bæði verða lagðar sömu spurningar fyrir sama foreldrahóp og var á síðasta skólaári en jafnframt verður lögð viðhorfskönnun fyrir forráðamenn nýnema skólaárið 2011-2012.

Tekin verður upp nemendakönnun á vormisseri þar sem áhersla er lögð á að skoða líðan og velferð nemenda skólans og kanna hvort markmið samkvæmt skólanámskrá skólans nást. Niðurstöður verða svo nýttar til að bæta skólastarfið og velferð nemenda jafnt í daglegu námi sem í félagsstarfi þeirra og almennum þroska.

Haustið 2011 munu nýjar starfendarannsóknir fara af stað. Viðfangsefnið verður í höndum fagstjóra mismunandi deilda og þeirra kennara sem taka þátt í þeim. Kennararnir geta bæði unnið rannsóknirnar saman í hóp en einnig getur hver kennari valið að gera eigin rannsókn. Æskilegt er að kennarar sjái árangur af þeirri vinnu sem þeir leggja í starfendarannsóknir. Er það von gæðanefndar að fleiri kennarar sjái sér hag í því að taka sjálfir þátt í starfendarannsóknunum og á þann hátt að bæta starf sitt sér og nemendum sínum til hægðarauka og heilla. Mikilvægt er að setja upp viðmið áður en haldið er af stað og fylgja könnun eftir með umbótum þar sem þarf.

2.2.1 Tímaáætlun um viðfangsefni innra mats

Neðangreint er tímaáætlun Menntaskólans í Reykjavík um viðfangsefni innra mats á næstu fimm árum eða árin 2011 - 2016:

Viðfangsefni sjálfsmats	2011-2012	2012-2013	2013-2014	2014-2015	2015-2016
Skólanámskrá - s.s. stefna, markmið, inntak náms og námsmat					X
Starfsáætlun s.s. skipulag, verkferlar, skólareglur og stöðþjónusta	X		X		
Nám og námsárangur	X	X	X	X	X
Nemendur - líðan, þarfir, starfsandi og samstarf	X				
Kennsla - kennsluhættir, starfsþróun og fagmennska	X	X	X	X	X
Starfsfólk - líðan, þarfir, starfsandi, samstarf		X		X	
Stjórnun			X		X
Viðmót og menning skóla		X		X	
Aðbúnaður		X			X
Samstarf heimila og skóla	X	X		X	
Ytri tengsl - önnur skólastig og nærsamfélagið			X		
Umbótaáðgerðir/þróunarstarf	X	X	X	X	X
Ráðstöfun auðlinda			X		

2.2.2 Starfsmannahandbók

Á skólaárinu 2011-2012 verður hafin gerð starfsmannahandbókar fyrir Menntaskólann í Reykjavík. Áætlað er að hún fari á netið með aðgengi fyrir starfsfólk skólans. Þarna gæti starfsfólkið fundið handhægar upplýsingar um hjálp í viðlögum, eineltisáætlun skólans, agamál, móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku og flest það annað sem upp getur komið og leysa þarf í daglegu skólastarfi. Sett verður á laggirnar nefnd til að koma þessu brýna verkefni af stað.

3. Lokaorð

Lögum samkvæmt ber framhaldsskólum að skipuleggja rannsóknir á skólastarfinu í þeirri viðleitni að gera skólastarfið eins gott og mögulegt er á öllum sviðum þess. Sjálfsmatið sem er formllegt og altækt hefur stöðugt vaxið að umfangi í Menntaskólanum í Reykjavík og er litið til þess að allir kímur skólastarfsins verði rannsakaðir með það fyrir augum að gera umbætur þar sem þess telst þörf til að árangur af starfi MR verði sem heilladrýgstur fyrir alla starfsmenn og nemendur skólans. Sjálfsmatið er haft í ákveðnu ferli þar sem mynduð eru starfsteymi sem setja fram matsspurningar og ákveða viðmið. Loks eftir greiningu gagna er umbótaáætlun gerð og framkvæmd. Í sjálfsmatinu eru tækifæri til að bæta eigið starf og árangur nemenda í samræmi við skólanámskrá Menntaskólans í Reykjavík öllum til hagsbóta.